

Nd.

81. Frumvarp til laga

[77. mál]

um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfsskuldarábyrgð á erlendu láni allt að \$ 10 000 000, er Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána vegna kaupa á togurum, sem smíðaðir eru utanlands.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 75 frá 13. maí 1966, er Fiskveiðasjóði heimilt að veita eigendum skipanna lán, er nemi $\frac{4}{5}$ af kaupverði þeirra. Heimilast ríkisstjórninni að veita sjálfsskuldarábyrgð á þeim hluta lánanna, sem er yfir $\frac{2}{3}$ kaupverðs skipanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita sjálfsskuldarábyrgð á erlendu láni, sem Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána til kaupenda nokkurra togara, sem smíðaðir eru erlendis. Kemur lán sjóðsins í stað þeirra erlendu lána til 8 ára, sem seljendur togara hafa yfirleitt látið í té. Er hér ekki um ný kaup á skipum að ræða umfram þau, sem áður voru samþykkt og kemur þessi ríkisábyrgðarheimild að þessu leyti í stað ríkisábyrgðar, sem ákveðin var á grundvelli laga nr. 28 frá 12. maí 1972. Er ráðgert, að hinu erlenda láni Fiskveiðasjóðs verði varið til greiðslu á $\frac{4}{5}$ kaupverðs skipanna.

Endurlán Fiskveiðasjóðs til kaupenda skiptast þannig, að $\frac{2}{3}$ kaupverðs er veitt í láni skv. reglum sjóðsins, en hinn hluti endurlánsins, upp að $\frac{4}{5}$ af kaupverði skipanna, er veittur að láni skv. reglum, sem þar um verða settar og yrði sá hluti með sérstakri ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt lögum Fiskveiðasjóðs er ekki heimilt að veita lán, vegna skipakaupa erlendis frá, er séu hærrí en $\frac{2}{3}$ kaupverðs eða matsverðs hvort sem lægra reynist, en með því að sjóðurinn tekur lán þetta, sem samsvarar um $\frac{4}{5}$ af kaupverði skipanna, er það nánast hagkvæmnisatriði að hafa þetta fyrirkomulag á, enda komi sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs á þann hluta láns, sem vantar upp á $\frac{4}{5}$ kaupverðs.

Endurlán til kaupenda skipanna eru ákveðin til 8 ára, en hið erlenda lán sjóðsins verður til 15 ára. Verður andvirði þess, seinni hluta lánstímans, varið almennt til að standa undir skipalánum Fiskveiðasjóðs.

Loks skal tekið fram, að ekki er þörf lagaheimildar fyrir stjórn Fiskveiðasjóðs að taka lán innanlands eða utan. Hins vegar má geta þess, að aðeins innlendar skuldbindingar sjóðsins eru með ábyrgð ríkissjóðs, sjá 6. gr. laga nr. 75 frá 13. maí 1966.